



FUNDARGERÐ
35. fundur Odda bs
haldinn í fjarfundi í gegnum Teams , 19. janúar 2021
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson , Margrét Harpa Guðsteinsdóttir , Ásta Berghildur Ólafsdóttir , Elín Grétarsdóttir , Ágúst Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Haraldur Eiríksson varaformaður bauð fundarmenn velkomna og athugaði hvort gerð væri athugasemd við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Áður en gengið var til dagskrár lagði varaformaður til að við dagskránnu bætist liður 7. Erindi frá skólastjóra Laugalandsskóla og var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Ytra mat leikskóla Odda bs 2021 - 1909071

Svar frá Menntamálastofnun

Lagt fram svar frá Menntamálastofnun við umsókn Odda bs um ytra mat á leikskólum byggðasamlagsins. Stuðningur fékkst við úttekt á Leikskólanum á Laugalandi en ekki Leikskólanum Heklukoti að þessu sinni. Rætt um að það væri mun betra ef báðir leikskólarnir væru teknir út á sama tíma. ÁS falið að ræða við leikskólastjórana og Menntamálastofnun um að úttekt færi fram skólaárið 2021-2022 og þá fyrir báða skóla samtímis. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá leikskólastjóra Heklukots - 2101027

Erindi um starfsdag ofl.

2.1. Tilfærsla á starfsdögum í maí 2021

Lagt fram erindi frá Rósu Hlín Óskarsdóttur starfandi leikskólastjóra á Heklukoti vegna tilfærslu starfsdaga en ekki verður af námsferð starfsmanna til útlanda vegna aðstæðna sem skapast vegna COVID19. Óskað er eftir að færa einn dag til 18. júní. Foreldraráð hefur fjallað um málið og gerir ekki athugasemdir.

Samþykkt samhljóða og jafnframt ítrekað mikilvægi þess að þessi breyting sé kynnt vel meðal foreldra.

2.2. Útskriftarárgangur

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um kosti þess að börn sem eru að ljúka leikskólagöngu sinni komi ekki aftur á leikskólann að sumarfríi loknu heldur fari á e.k. skóladagheimili þar til grunnskólinn byrjar. Oftast er um að ræða 2-3 vikur og er margt sem mælir með þessu fyrirkomulagi. Viðræður hafa átt sér stað milli leik- og

grunnskólans um fyrirkomulag ef af þessu yrði. Stjórn Odda bs tekur vel í þessa hugmynd en óskar eftir að málið verði útfært betur hvað varðar kostnað og fyrirkomulag. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Nemendur Odda 2020-2021 - 2101026

Yfirlit frá skólunum.

Lagt fram yfirlit frá skólunum um nemendur skólaárið 2020-2021. Fram kom að heildarfjöldi nemenda í grunnskólum Odda bs er 214, þar af 133 í Grunnskólanum á Hellu og 81 í Laugalandsskóla. Heildarfjöldi barna á leikskólum Odda bs er 126, þar af 84 í Heklukoti og 42 í Leikskólanum á Laugalandi.

Til kynningar.

4. Aðstaða og búnaður skólanna - 1610047

Skóladagheimili og mótuneyti

Lagðar fram til kynningar upplýsingar um ráðstafanir gagnvart skóladagheimili og skólamótuneyti.

5. Rekstraráætlun 2021 - Oddi bs - 2009040

Vegna bóknar sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Odda bs fyrir árið 2021 kom fram eftirfarandi ábending frá sveitarstjórn Rangárþings ytra. "Að gefnu tilefni, m.a. vegna viðbragða frá íbúum, beinir sveitarstjórn því til stjórnar Odda bs að athugað verði hvort að megi hliðra þannig til innan þess fjárhagsramma sem settur hefur verið fyrir Odda bs 2021 að tímabundnir akstursstyrkir til leikskólastarfsmanna geti engu að síður haldist út það tímabil sem upphaflega var gert ráð fyrir en falli ekki niður fyrr eins og lagt var upp með í áætluninni."

Tillaga um að fela ÁS að fara yfir þetta atriði með leikskólastjórum og leggja fram upplýsingar eða eftir atvikum tillögu á næsta fundi Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

6. Samstarfssamningur um landshlutateymi - 2011033

Lagt fram til kynningar.

7. Umsókn um skólavist - Hafnarfjarðarbær - 2011044

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

8. Erindi frá skólastjóra Laugalandsskóla - 2101030

Sigurjón Bjarnason skólastjóri kom til fundar og afhenti uppsagnarbréf sitt en hann stefnir að því að láta af störfum í lok þessa skólaárs. Þess má geta að Sigurjón hóf störf við Laugalandsskóla haustið 1988 sem stærðfræðikennari og staðgengill skólastjóra og hefur síðan starfað sem skólastjóri frá vorinu 1993. Stjórnarmenn notuðu tækifærið og færðu Sigurjóni þakkir og óskuðu honum velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Elín Grétarsdóttir

Ágúst Sigurðsson

Valtýr Valtýsson

Undirritunarsíða

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Elín Grétarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Ágúst Sigurðsson